



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 17. september 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Rekstraryfirlit janúar-júlí 2025 og framkvæmdayfirlit janúar-ágúst 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-júlí 2025 og framkvæmdayfirlit vegna janúar-ágúst 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og gerði grein fyrir. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Breyting á *Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skagastrandar frá 1. apríl 2014* – síðari umræða

Sveitarstjóri fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til frá fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar þann 20. júní sl. Sveitarstjórn ræddi breytingarnar. Voru breytingarnar bornar upp til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

4. Bréf

1. Félag fósturforeldra dags. 26. ágúst 2025

Efni: Styrkbeiðni

Með erindinu óskar Félag fósturforeldra eftir fjárhagslegum stuðningi til reksturs félagsins og stuðnings við fósturforeldra. Sveitarstjórn hafnaði erindinu.

b. Stígamót dags. 1. september 2025

Efni: Styrkbeiðni

Með erindinu óska Stígamót eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn við sveitarfélagið. Sveitarstjórn hafnaði erindinu.

c. Mennta- og barnamálaráðuneytið dags. 11. september 2025

Efni: Styrkur vegna verkefna í þágu farsældar barna

Fyrir fundinum lá erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu dags. 11. september 2025 þar sem tilkynnt er að verkefnið FOR#NOR sem sótt var um í sumar hafi hlotið styrk að upphæð 26.000.000 kr. Alls bárust 119 umsóknir til ráðuneytisins. Styrkurinn er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda vegna ofbeldis meðal og gegn börnum. Forvarnaráætlun FOR#NOR er verkefni á Norðurlandi vestra sem miðar að því að efla heilsu og vellíðan



barna á öllum skólastigum, frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Áætlunin sameinar forvarnarstarf sveitarfélaganna og byggir á víðtæku samstarfi við skólastjórnendur, kennara, nemendur, foreldra, lögreglu, heilsugæslu og félagsþjónustu. Var sveitarstjóra falið að undirrita samning við ráðuneytið vegna styrksins.

5. Fundargerðir

a) *Stjórnar SSNV dags. 15. ágúst 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b) *Stjórnar SSNV dags. 2. september 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 22. ágúst 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. ágúst 2025*

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e) *Fræðslunefnd dags. 27. ágúst 2025*

6. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:34

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir